



# Þrír stafir

Skólanámskrá í læsi fyrir elstu börn  
leikskóla og yngstu börn grunnskóla.

Samvinnu- og þróunarverkefni leikskólans Kópahvols,  
Kópavogsskóla og leikskólans Urðarhóls um samfelli  
milli skólastiga í einstaklingsmiðuðu læsinaði.

ХУК



## **Formáli**

Leikskólinn Urðarhóll (Skólatröð), Leikskólinn Kópahvoll og Kópavogsskóli sóttu um styrk fyrir samvinnuverkefni leik- og grunnskóla með það fyrir augum að skoða samfellu milli skólastiga í einstaklingsmiðuðu læsisnámi.

Í skýrslu þessari er greint frá þeirri vinnu sem fram fór í samstarfi þessara skóla og sameiginleg skólanámskrá skólanna í læsi birt.



### Lýsing á verkefni

Verkefnið fól í sér að skoða viðfangsefni og aðferðir læsis á báðum skólastigum og greina innihald og samfellu kennslunnar. Í grunnskólanum, Kópavogsskóla, eru metanleg hæfniviðmið lögð fram í læsisstefnu skólans. Í báðum leikskólunum er unnið með Samræðulestur og námsefni um máhljóðin „Lubbi finnur málbein“. Í Kópavogsskóla er jafnframt unnið með samræðulestur í tengslum við samvirku kennsluaðferðina Byrjendalæsi sem er meginlestraraðferð Kópavogsskóla á yngsta aldurstigi.

Kennsluaðferðir skólanna voru skoðaðar sérstaklega með tilliti til einstaklingsmiðunar og snemmtækrar íhlutunar.

Aðferðin Orðaspjall og námsefnið „Lubbi finnur málbein“ voru ígrundaðarsérstaklega með einstaklingsmiðaðar þarfir nemenda í lestrarnámi og undirbúning þess að leiðarljósi.



Sérstaklega var horft til þess hvernig skólarnir geta myndað sem best tengsl og samfellu milli skólastiganna varðandi undirbúning lestrarnáms og lestrarkennslu. Þær aðferðir sem unnið er með á hvoru skólastigi voru lagðar fram í sameiginlegu vinnuskjali sem skipt var í þrjá dálka. Þeim var síðan steipt saman eftir að samræða og kynningar á aðferðum hafði farið fram.

Meginvinnan fór síðan í að útbúa **sameiginlega skólanámskrá** skólastiganna við lok leikskóla og upphaf grunnskóla.

Rýnt var í [forsendur læsis](#) frá ýmsum sjónarhornum og hvernig hægt er að nýta niðurstöður greiningarverkfærisins [HLJÓM 2](#) til íhlutunar.



Góð samræða fór fram um kennsluaðferðir skólastiganna, metið var hvað er sameiginlegt með aðferðum skólastiganna og hvað ber í milli. Einnig var skoðað hvernig aðferðirnar geta gefið vísbendingar um einstaklingsmiðaðar þarfir nemenda og viðbrögð kennara við þeim í starfi skólanna. Sömuleiðis fór fram samræða um hvernig skimanir með [Lesferli](#) Menntamálastofnunar geta gagnast kennurum til að meta byrjendur í lestri og einstaklingsmiðaðar þarfir þeirra.

Báðir leikskólarnir eru í innleiðingarferli um hugmyndafræði um [snemmtæka íhlutun](#) með áherslu á hámarks árangur allra nemenda hvað varðar málþroska og læsi. Snemmtæk íhlutun er ætlað að skila börnum sem best undirbúnum í 1. bekk grunnskóla. Með snemmtækri íhlutun er jafnframt lögð áhersla á að hvert barn fái íhlutun og kennslu við hæfi og að kennsla í grunnskólum byggji á niðurstöðum og áherslum í kennslu frá leikskólum.



**Lagt var upp með eftirfarandi markmið:**

1. Að efla samvinnu og samfellu milli skólanna.
2. Að læra hvert af öðru varðandi lestrarkennsluaðferðir og hjálpargögn.
3. Að skoða aðferðir læsiskennslunnar og undanfara hennar.
4. Að skoða hvernig við nýtum HLJÓM 2 greininguna og kennsluaðferðir til þess að koma sem best til móts við barnið í upphafi grunnskólagöngu.
5. Að koma í veg fyrir endurtekningar, afturhvarf, eða rof í lestrarnámsferli nemandans.
6. Að bæta námsárangur í lestri í upphafi grunnskólagöngu.



**Skólanámskrá í læsi fyrir  
elstu börn leikskóla  
og  
yngstu börn grunnskóla.**



Hæfniðviðmið eru sett upp með hliðsjón af uppbyggingu skólanámskrár Kópavogsskóla í læsi og byggð er á Aðalnámskrá grunnskóla. Námskráin skiptist í þrjá meginþætti:

- Lestur, orðaforði og skilningur
- Talað mál, hlustun og áhorf
- Ritun

Því næst kemur kafli þar sem áherslur og aðferðir í kennslu eru listaðar upp.

**Áherslurnar og aðferðirnar eru margar og alls ekki er ætlast til að kennarar noti þær allar, heldur miklu fremur að þeir aðlagi og velji aðferðir sem henta hverjum barnahópi / námshópi eða einstaklingi hverju sinni.**

#### **Efnisyfirlit:**

1. kafli - Hæfniðviðmið í læsi
2. kafli - Áherslur og aðferðir í kennslu
3. kafli - Mat á læsi
4. kafli - Einstaklingsmiðun í læsisnámi
5. kafli - Kennsluaðferðir
6. kafli - Læsi og tækni
7. kafli - Verkefni við skólaskil





1. kafli

Hæfniðviðmið í læsi.

Það sem sameiginleg skólanámskrá hefur umfram sundurgreinda skólanámskrá fyrir þessi tvö skólastig er að hún einfaldar kennurum að finna áherslur, viðmið og aðferðir sem börnin þekkja og einfalt er að byggja ofan á fyrri þekkingu.



Að bjóða upp á fjölbreyttar aðferðir eykur líkur á að kennarar noti aðferðir sem henta einstaklingum með ólíkar þarfir í læsisnámi. Með sameiginlegri skólanámskrá geta kennarar jafnframt greint hvaða aðferðir börnin þekkja og um leið valið áherslur og aðferðir við skólaskilin úr þessum sameiginlega grunni skólanna þriggja sem þeir hafa komið sér saman um að byggja á.

Gert er ráð fyrir skilafundum um **alla nemendur** í elsta hópi leikskólanna með fráfarandi kennurum leikskólanna og verðandi kennurum Kópavogsskóla ef aðstæður leyfa hverju sinni. Stefnt er að skilafundum í ágústmánuði ár hvert.



Skólanámskráin verður lifandi rafrænt skjal og rafbók sem uppfærð verður eftir því sem reynslan kennir kennarahópnum. Fyrsta útgáfa þessarar sameiginlegu skólanámskrár verður í formi rafbókar sem hægt er að hafa við hendina í tölvu / spjaldtölvu á deild eða í kennslustofu. Rafbók gefur fjölbreyttari möguleika á framsetningu efnisins.

Í skólanámskránni eru tiltekin þau matsverkfæri sem skólarnir nýta. Kennarar meta einnig jafnóðum í leik og starfi þær áherslur sem verið er að þjálfra hverju sinni.



# Lestur, orðaforði og skilningur

## Metanleg hæfniviðmið

### Ábending

Sum börn eru dugleg að herma eftir en skilja ekki endilega orðin.

#### Orðaforði:

- Tekur þátt í söngstundum.
- Getur lesið í myndir.
- Getur útskýrt orð munnlega yfir algenga hluti, form, lögun, stærð og fjölda í nærumhverfi.
- Notar sagnorð og forsetningar til að útskýra merkingu orða. (dæmi: Til að lesa í).
- Getur endursagt stuttan texta.
- Getur útskýrt ljóð
- Getur útskýrt einstök hugtök í ljóði
- Getur endursagt sögu í meginatriðum.

- Gerir greinarmun á nútíð, þátíð og framtíð (í morgun, í gær, á morgun...).
- Getur endursagt sögu og gert hana að sinni með því að skapa viðbót við söguþráðinn.
- Getur endursagt texta í myndum.
- Þekkir að sögur hafa atburðarás (byrjun, meginmál og endi).
- Skilur að lýsingarorð stigbreytast (dæmi: stór, stærri, stærstur).
- Notar yfirhugtök í töluðu máli.



# Lestur, orðaforði og skilningur

## Metanleg hæfniviðmið

### Lestur:

- Sýnir bókum áhuga.
- Þekkir alla stafi og hljóð þeirra.
- Getur tengt saman tvö eða fleiri hljóð. Getur valið sér bók eftir áhuga.
- Sýnir texta áhuga.
- Gerir greinarmun á stórum og litlum staf.
- Þekkir lesáttina.
- Getur lesið orð.
- Getur endursagt texta í ritun.
- Getur lesið einfaldan texta.

- Þekkir orðmyndir nokkurra algengra orða.
- Getur parað saman myndir og upphafsstafi.
- Getur parað saman myndir og orð.
- Getur parað saman myndir og setningar.
- Þekkir mun á sérhljóðum og samhljóðum.
- Fer sjálfur á bókasafnið og velur sér bók.
- Hlustar á fyrirmæli og fer eftir þeim.



## Lestur, orðaforði og skilningur

### Metanleg hæfniviðmið

## Talað mál, hlustun og áhorf.

### Metanleg hæfniviðmið.

#### Hljóðgreining:

- Hlustar á fyrirmæli og fer eftir þeim.
- Getur klappað samstöfur (atkvæði) í orðum.
- Þekkir rím og hrynjandi.
- Getur rímað.
- Getur endursagt eigin texta og annarra.
- Aðgreinir fyrsta hljóð í orðum.

#### Skilningur á töluðu máli.

- Notar beygingar og hljóð samkvæmt reglum íslenska tungumálsins.
- Getur sett saman tvö orð í eitt (samsett orð).





## Talað mál, hlustun og áhorf. Metanleg hæfniviðmið.

- Hlustar af athygli.
- Tekur þátt í samræðum og tjáir sig skiljanlega.
- Tekur tillit til annarra í samræðum.  
(Hlustar á það sem aðrir hafa að segja.  
Getur tekið svörum viðmælenda).
- Grípur ekki fram í.
- Hlustar og skilur viðmælenda í samræðu (getur rætt málin).
- Hlustar á upplestur og frásagnir af athygli.
- Spyr spurninga út frá efni sem lesið er.

- Hlustar og horfir á flutning á fjölbreyttu efni (á sviði, á skjá...) af athygli.
- Tjáir sig frammi fyrir bekkjarfélögum.
- Tekur þátt í frásögnum
- Endursegir sögu (Byrjendalæsi).
- Getur leikið og túlkað.
- Getur endursagt eigin texta
- Getur endursagt texta annarra.
- Getur greint hljóð fremst, í miðju og aftast í orði.
- Les staf fyrir staf atkvæði fyrir atkvæði.





## Ritun. Metanleg hæfniviðmið.



- Þekkir skriftaráttina.
- Þekkir stafdrættina.
- Dregur rétt til stafs.
- Hefur rétt grip um lit og blýant.
- Skrifar nafnið sitt.
- Getur skrifað eftir sóknarskrift.
- Þekkir hugtökin stór stafur og punktur.

- Nemendur læra að skrifa málsgrein sem byrjar á stórum staf og endar á punkti.
- Getur teiknað einfaldan söguþráð.
- Getur skrifað einfaldan söguþráð.
- Þekkir hugtökin *upphaf* (byrjun), *meginmál* (um hvað fjallar/snýst sagan?) og *endir*.
- Hefur hæfilegt bil milli stafa í ritun orða.



## 2. kafli

Áherslur og aðferðir  
í kennslu.

# Lestur, orðaforði og skilningur.

## Áherslur og aðferðir í kennslu.

### Kennarinn:

- Eflir hljóðkerfisvitund barna með því að vinna með rím, spil, samstöfur, samsett orð, orðhlutaeyðingu, hljóðtengingu, hljóðgreiningu, margræð orð. Unnið er í gegnum leiki og spil.
- Tengir efni [Vináttuverkefnisins Blæs](#) við aðferðir sem efla orðaforða.
- Styðst við [Orðaforðalista](#) við eflingu orðaforða barna.
- Leikur með bullusögur í samveru.
- Vinnur markvisst með ljóð og þulur í Byrjendalæsi.

- Vinnur í nánu samstarfi við sérkennsluteymi skólans og grípur inn í ef áhyggjur vakna.
- Vinnur með afstæðuhugtök, andstæður og tíðir.
- Ræðir um orð í texta sem ekki eru algeng bæði sem koma upp í texta við lestur og söng. Nýtir til þess [Orðaspjallsaðferðina](#).
- Kennir markvisst orðaforða og [málörvun](#).
- Rifjar reglulega upp innlagðan orðaforða.
- Hefur orð sem kennd eru sýnileg.



# Lestur, orðaforði og skilningur.

## Áherslur og aðferðir í kennslu.

### Kennarinn:

- Vinnur með stafi og hljóð á fjölbreyttan hátt í gegnum leik og söng
- Hefur fjölbreytt lestrarefni ávallt á boðstólnum, aðgengilegt, sýnilegt og vekur athygli barna á því. Skiptir reglulega út aðgengilegu lestrarefni.
- Lestrarbækur þyngjast eftir þekkingu og hæfni nemenda yfir árið.
- Vekur áhuga nemenda á texta í umhverfinu.



- Les fyrir börnin.
- [Samræðulestur.](#)
- Skoðar bókakápu með börnunum. Veltir nafni bókar fyrir sér og innihaldi sögunnar út frá bókatitli.
- Nýtir [100 algengustu](#) orðin við verkefnagerð og í leikjum.
- Skrifar texta upp á töflu og börnum bent á lesáttina.
- Lestraráttak 1 x á ári.
- Ýtir undir skýran framburð.



## Lestur, orðaforði og skilningur.

### Áherslur og aðferðir í kennslu.

#### Kennarinn:

- Nýtir söngva og texta og útskýrir á sjónrænan hátt.
- Hefur fyrimæli skýr og einföld.
- Lætur nemendur lesa texta við hæfi hvers og eins.
- Leggur inn algengar orðmyndir.
- Talar við börnin um það sem gerst hefur, er að gerast og það sem á eftir að gerast.
- Bókin [Lubbi finnur málbein](#) notuð í málræktarstundum til að vinna með hljóðin.

- Vinnur með verkefni þar sem nemendur myndskreyta orð.
- Leikir og spil eru notuð til að æfa nemendur í að tengja orð og setningar við myndir.
- Vinnur verkefni t.d. stafasúpur þar sem nemendur lita stafina eftir flokkum. Sérhljóðar eru rauðir og segja nafnið sitt sjálfir. Samhljóðar eru grænir og segja nafnið sitt ekki sjálfir.
- Leggur áherslu á daglegan heimalestur.
- Leggur áherslu á lestur í skóla minnst tvisvar í viku.
- Vinnur með orðmyndir.
- Tekur upp lestur barna og kennir nemendum að taka upp eigin lestur.



## Lestur, orðaforði og skilningur.

### Áherslur og aðferðir í kennslu.

#### Kennarinn:

- Fer í leiki með orð, þau eru föndruð og tengd við merkingu þeirra.
- Vinnur með nemendum að því að hljóða og tengja hvern staf í gegnum leik t.d. finna orð út frá fyrsta staf (td. F - eins og fffffiðrildi)
- Vinnur með hvern staf á mismunandi veg t.d. föndrað, leirað.
- Leggur markvisst inn stafi frá hausti fram á vor.
- Tekur fyrir tvo stafi á viku.

- Vinnur með lykilorð sem tengist texta úr bók sem unnið er með hverju sinni. Aðferðin byggir á

[Byrjendalæsi](#) og

[Orðaspjallsaðferðinni](#). Lykilorðið inniheldur stafi sem lagðir eru inn hverju sinni.

- Velur lestrabækur í samræmi við kunnáttu nemenda.
- Lætur börnin fá heimalestrarbækur og skráningarbók.
- Lánar frjálislestrarbækur.
- Hefur leiðbeiningar til foreldra vegna heimalesturs aðgengilegar.
- Vísar foreldrum á leiðbeinandi efni tengt heimalestri.
- Styður við frjálsan lestur nemenda.





## Lestur, orðaforði og skilningur.

### Áherslur og aðferðir í kennslu.

#### Kennarinn:

- Kynnir fyrir foreldrum kennsluaðferðir skólans í lestri (kynningarfundur að hausti).
- Hvetur foreldra til að lesa fyrir barn sitt og með barninu.
- Veitir því athygli hvort nemandi velji bækur af áhuga og grípur inn í ef þarf.
- Sér til þess að nemendur sem eru læsir við upphaf skólagöngu fái lestrarkennslu og bækur við hæfi.
- Leggur fyrir verkefni sem tengjast lesnum texta, t.d að tengja mynd og orð eða mynd og setningu.

- Nýtir smáforrit sem styðja við lestrarnám og hljóðkerfisvitund (dæmi: [Leikum og lærum með hljóðin](#), [Orðagull](#)). Sjá nánar í kaflanum um lestrarkennslu og tækni.
- Nýtir spjaldtölvu og hugbúnað við upplestur og innlögn stafa.
- Notar kennslulíkanið [Byrjendalæsi](#).
- Styrkir áhugahvöt með fjölbreyttum leiðum (gagnvirkur lestur, kórlestur, einstaklingslestur, paralestur, hóplestur).
- Gefur tíma til [yndislesturs](#) þar sem nemendur lesa í hljóði.
- Leggur fyrir einstaklings- para- og hópavinnu með stafi, orð, hljóð og setningar.



# Lestur, orðaforði og skilningur.

## Áherslur og aðferðir í kennslu.



### Kennarinn:

- Kennir nemendum sem farnir eru að lesa að stoppa stuttlega við kommur, punkta og spurningamerki þegar lesið er.
- Fylgist með námsframvindu í lestri.
- Vinnur í samstarfi við sérkennara ef nemandi nær ekki lágmarksviðmiðunum eða sýnir hægar framfarir.
- Leitast við að viðhalda ánægju nemenda af lestri.
- Styrkir áhugahvöt nemenda á margvíslegan hátt.

- Nýtir hljóðbækur við eflingu orðaforða og skilnings á lesnu efni (dæmi: [hljóðbækur](#) [Menntamálastofnunar](#) og [hlusta.is](#))
- Stigskiptir lestrarstuðningi í bekk í samstarfi við stuðnings- og sérkennara.
- Hjálpar börnunum að skrifa sögu við myndir.
- Notar hljóðaaðferð við innlögn stafa.
- Kennir tengsl stafa og hljóðs.
- Þjálfar lestur og upplestur nemenda á eigin texta.



# Talað mál, hlustun og áhorf.

## Áherslur og aðferðir í kennslu.

### Kennarinn:

- Kennari vandar sig við að gefa skýr og einföld fyrirmæli.
- Talar gott íslenskt mál.
- Leggur áherslu á valin [lykilorð úr texta](#).
- Kennir undirstöðupætti boðskipta. Til dæmis [Bínureglur](#) (Bína lærir að: sitja, passa hendur, hlusta, bíða, gera til skiptis, muna).
- Hvetur börnin til að segja frá, rifjar upp með þeim og hvetur þau til að endursegja atburð eða sögu.



- Hvetur börnin til þess að koma fram fyrir framan barnahópinn, segja sögur, syngja lag eða segja brandara.
- Vinnur í samstarfi við talkennara ef nemandi er með framburðargalla (þ.e. rangan framburð einstakra hljóða) raddveilur (hæsi), stam og seinan málþroska.
- Fær nemendur til að tjá sig í samræðum um texta, málefni eða upplifun.



# Talað mál, hlustun og áhorf.

## Áherslur og aðferðir í kennslu.

### Kennarinn:

- Les fyrir nemendur.
- Les gæðatexta, stýrir umræðu um innihald textans.
- Æfir hlustun í gegnum lestur, leiki og samræður.
- Nýtir samræðu, upplestur, frásagnir og myndir til eflingu orðaforða og lesturs.
- Kennari klappar það sem er næst nemanda t.d. nafn nemanda og bætir svo við orðum. Hljóðkerfisvitund.

- Vinnur með verkefni og leiki sem hjálpa nemendum að læra rím og hrynjanda. Hljóðkerfisvitund.

- Notar [markvissa málörvun](#):

Hlustun, rím, vinna með stöðu hljóða í orðum, orð og setningar. Hljóðkerfisvitund.

- Leggur áherslu á virka hlustun. (Kennari les, útskýrir og spyr spurninga).

- Notar leiðir til að efla hlustun t.d. með hlustunarleikjum úr [handbók um markvissa málörvun](#).

- Hvetur börnin til frásagnar. Börn fá að fara heim með tuskudýr sem hefur það markmið m.a. að hvetja börn til frásagnar.

- Hvetur börnin til að endursegja atburði í myndmáli.



## Talað mál, hlustun og áhorf.

### Áherslur og aðferðir í kennslu.

#### Kennarinn:

- Nýtir sjónrænar vísbendingar til að styrkja vinnsluminni og sjálfstjórn.
- Nýtir verkferlið að hlusta, skilja, muna, gera og segja í vinnu með orð með nemendum.
- Hvetur nemendur til að taka þátt í samræðum, bæði í litlum hópum og á bekkjarfundum.
- Nýtir hugmyndir úr [SÓL bókunum](#) til málörvunar.

- Veitir börnunum tækifæri til að nota mismunandi leiðir til að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum (í samverustundum, bekkjarfundum og í hópverkefnum).
- Kennir hljóðgreiningu markvisst í stafainnlögn [s.s. Lubbi finnur málbein](#). Hljóðkerfisvitund.
- Leggur áherslu á sögugerð og endursögn í byrjendalæsi
- Fjölbreyttar leiðir eru notaðar til að æfa endursögn, teikna, nota söguspilið, einn byrjar annar heldur áfram, búa til nýjan endi.





# Talað mál, hlustun og áhorf.

## Áherslur og aðferðir í kennslu.

### Kennarinn:

- Leggur áherslu á hljóðgreiningu í verkefnum.
- Byrjendalæsi (prófað í Hljóm 2).
- Æfir nemendur í að hlusta eftir hljóðum og orðum.
- Kennir hvernig nýta má spjaldtölvu fyrir hlustunarefni.
- Nýtir heyrnartól í kennslu með spjaldtölvur.
- Felur börnum það verkefni að teikna myndir úr vettvangsferðum.

- Kynnir fyrir börnunum hlutverk áhorfenda.
- Þjálfar áhorf t.d. í samverustundum, sýningum, á litlu jólum, árshátíð eða öðrum skemmtunum.
- Leggur fyrir sjónræn verkefni þar sem unnið er með stafi, orð og setningar, allt eftir getu hvers og eins.
- Styður við sjónrænt minni með því að merkja hluti, búa til orðalista ofl.





# Talað mál, hlustun og áhorf.

## Áherslur og aðferðir í kennslu.

### Kennarinn:

Kennir hlutverk áhorfenda.

Leiðir samræður um upplifanir s.s. á leiksýningum, tónleikum o.s.frv.

Nýtir hljóðbækur.



### Margmiðlun:

- Nýtir spjaldtölvu og hugbúnað sem eflir stafabekkingu, lestur, hlustun og áhorf.
- Notar fjölbreyttar leiðir til að skapa aðstæður fyrir nemendur til að geta leikið og túlkað t.d. forrit í iPad ss. myndavélina, Bookcreator, Toontastic, Puppet Pals en einnig brúðuleikhús og myndsköpun.
- Býður nemendum upp á stafrænan upplestur fyrirmæla í spjaldtölvuverkefnum þannig að nemendur geta hlustað endurtekið á upplesin fyrirmæli.



### 3. kafli

#### Mat á læsi.

## Helstu verkfæri og leiðir til að meta málþroska og læsi eru eftirfarandi:

- Áhersla er á snemmtæka íhlutun.
  - EFI-2 Skólatröð, Kópahvoll.
  - Hljóm- 2
  - Tekið er mið af [Hljóm 2](#) greiningu leikskóla við skólaskiptin.
  - TRAS málþroskaskimun
  - Leiðsagnarmat á allri ritun nemenda.
  - Stafakönnun við upphaf skólagöngu.
  - [Lestrarskimun](#) og skimun á Hljóðkerfisvitund í október.
  - [Lesfimi](#) metin í janúar og maí skv. Lesferli Menntamálastofnunar.
- Viðmið um árangur sést í töflu bls. 5.

- Leiðsagnarmat þar sem stigvaxandi framvinda í lesfimi er metin.
- Leiðsagnarmat þar sem stigvaxandi hæfni er metin í töluðu máli, hlustun og áhorfi.
- Lestrarlag metið hjá þeim nemendum sem eru farnir að lesa samfelldan texta. Matsviðmið mms.is
- Speglnun stafa er nokkuð algeng á þessum aldri en ekki talin ástæða til að hafa miklar áhyggjur af því framan af grunnskólagöngu.
- Veita þarf speglnun athygli og leiðrétta í samstarfi og með aðstoð foreldra hægt og bítandi eftir lok fyrsta árs í grunnskóla.



## Kennsluaðferðir.



Kennsluaðferðir  
leikskólanna byggja  
einkum á námi í gegnum  
leik.

“Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra. Þau hafa m.a. þörf fyrir að spyrja spurninga, skiptast á skoðunum og ræða hugmyndir sínar, tilfinningar og líðan. Börn nota ýmsar leiðir til að tjá sig og eiga samskipti við aðra. Auk tungumálsins nota þau til dæmis ýmiss konar hljóð, snertingu, látbragð og leikræna tjáningu, tónlist, myndmál og dans. Í gefandi samskiptum og leik eykst félagsfærni og sjálfsmynd styrkist.

Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt”  
(Aðalnámskrá leikskóla bls. 29 - 30).

Kennsluaðferðir grunnskóla við upphaf skólagöngu snúast einkum um kerfisbundin tákni og sköpun merkingar. Talið er að það skipti börn miklu að ná tökum á tiltekinni lestrar- og ritunartækni. Jafnframt er talið mikilvægt að þeir nái tökum á þeirri tækni sem nemendur geta notað í samskiptum, námi og merkingarsköpun í þágu sjálfra sín og samfélagsins  
(Aðalnámskrá grunnskóla bls. 19).





“Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á”  
(Aðalnámskrá grunnskóla bls.19).

Rík áhersla beggja skólastiganna er að efla hljóðkerfisvitund og eflingu orðaforða. Því var námsefnið “Lubbi finnur málbein” þar sem íslensku máhljóðin eru þjálfuð og Orðaspjallsaðferðin sem leið til að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bóklestri kynnt sérstaklega með það fyrir augum að finna sameiginlegan flöt fyrir bæði skólastigin. Námsefnið “Lubbi finnur málbein” var keypt í Kópavogsskóla en efnið er til í báðum leikskólunum.

Allir skólarnir fengu [bókina um Orðaspjallsaðferðina](#) sem útgefin er af leikskólanum Tjarnarseli.



## 4. kafli

Einstaklingsmiðun  
í læsisnámi.



Í leikskólunum er unnið eftir hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun með áherslu á hámarksárangur allra nemenda hvað varðar málproska og læsi.

Seinkun í leikproska og orðaforða getur verið fyrsta vísbending um lestrarerfiðleika. Þau börn sem hafa góðan orðaforða hafa forskot þegar kemur að lestrarferlinu, vegna þess að þau hafa fleiri orðmyndir. Það skiptir einnig miklu máli að þekkja og vinna markvisst með aðra undirstöðupætti fyrir lestur sbr. hljóðkerfisvitund, málskilning, bókstafi/hljóð og lesfimi. Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur er leikskólunum innan handar í þeirri þróunarvinnu.

"Meginmarkmið Byrjendalæsis er að börn nái góðum árangri í lestri sem allra fyrst á skólagöngu sinni. Þegar börn hefja nám í 1. bekk eru þau misjafnlega á vegi stödd varðandi lestur en vísbendingar eru um að við upphaf skólagöngu kunni nemendur að meðaltali um 70% stafanna og hljóð þeirra (Seymour, 2005).

Sum börnin þekkja því einhverja stafi, önnur eru farin að lesa og svo er hópur sem þarf að læra alla stafina og hvernig á að vinna með þá. Byrjendalæsi gerir ráð fyrir því að hægt sé að kenna börnum, sem hafa ólíka færni í lestri, hlið við hlið og því er lögð áhersla á hópvinnu um leið og einstaklingsþörfum er mætt". - Rósa Eggertsdóttir, 2006.



## Fjölmenning og íslenska sem annað mál.

Lögð er áhersla á:

- að allir nemendur hafi sömu möguleika á að ná góðum árangri í læsi óháð móðurmáli.
- að nemendur öðlist færni í íslensku.
- að fræða foreldra um mikilvægi þess að börn eigi virkt móðurmál.



Mikið er til af hjálplegu efni um kennslu nemenda með íslensku sem annað tungmál á vef Menntasviðs Kópavogsbæjar <http://fjolmenning.kopavogur.is/>



## 5. kafli

**Kennsluaðferðir í læsi.**



“Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á” (Aðalnámskrá grunnskóla bls.19).

Rík áhersla beggja skólastiganna er að efla hljóðkerfisvitund og eflingu orðaforða. Því var námsefnið “Lubbi finnur málbein” þar sem íslensku málahljóðin eru þjálfuð og Orðaspjallsaðferðin sem leið til að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bóklestri voru skoðuð sérstaklega með það fyrir augum að finna sameiginlegan flöt fyrir bæði skólastigin. Námsefnið “Lubbi finnur málbein” var keypt í Kópavogsskóla. Allir skólarnir fengu [bókina um Orðaspjallsaðferðina](#) sem útgefin er af leikskólanum Tjarnarseli.



## 6. kafli

Læsi og upplýsingatækni.

## Læsi og upplýsingatækni í skólastarfi.

Í Aðalnámskrá grunnskóla (bls. 18 - 19) er fjallað um lestrarkennslu með hjálp miðla og þeirrar tækni sem völ er á hverju sinni. Því var afraðið að greina frá nokkrum smáforritum sem styðja við læsinnám barna sem hluta af niðurstöðum samstarfsverkefnisins. Í leikskólum er snjalltækni helst notuð í sérkennslu. Í Kópavogsskóla er snjalltækni nýtt markvisst samkvæmt skólanámskrá og stefnu Kópavogsbæjar um innleiðingu spjaldtölva í skólastarfið.



Helstu smáforrit sem henta fyrir læsiskennslu í þessum aldurshópi eru sett fram á næstu síðum.







## Orðagull.

Orðagull miðar að því að styrkja orðaforða, vinnsluminni, heyrnræna úrvinnslu, lesskilning og máltjáningu barna. Allt eru þetta mikilvægir undirstöðupættir máls og læsis. Forritið er frítt til niðurhals fyrir Android og iOS stýrikerfið. Smáforritið býður upp á fjölbreytta notkunarmöguleika þar sem m.a. er hægt að vinna markvisst með lesskilning og sjónrænan orðaforða (lestur orðmynda).

Í forritinu er tekið tillit til fjölmennningar þannig að öll börn geti samsamað sig við ákveðnar persónur sem koma fram í forritinu. Sem dæmi má nefna að þegar nemendur velja sér persónu í byrjun geta þeir valið ákveðinn húðlit og kynþátt. Í gegnum skráningarkerfi forritsins er foreldrum og kennurum gert kleift að meta árangur og fylgjast með framförum. Skráningarkerfið er sett upp á einfaldan og aðgengilegan hátt til þess að auðvelda kennurum vinnu við námsmat. Gert er ráð fyrir að nemendur geti líka sjálfir fylgst með eigin framförum.

Könnun Mennta- málstofnunar leiddi í ljós að Orðagull er í öðru sæti yfir þau smáforrit sem mest eru notuð í íslenskum leikskólum.

## Lærum og leikum með hljóðin.

Smáforritið er ætlað öllum barna-fjölskyldum og fagfólki sem vilja veita börnum forskot á hljóðmyndun og undirbúa þau fyrir lestur. Tilvalið fyrir fjölskyldur af erlendum uppruna til að æfa og læra íslensku hljóðin. Ný rannsókn sýnir marktækan mun á árangri nemenda í 1. bekk í hljóðkerfisvitund og læsi þegar skipulega var unnið eftir aðferðafræði [Lærum og leikum með hljóðin](#). Niðurstöður sýndu mun betri framfarir hjá nemendum þegar þeir voru bornir saman við jafnaldra sína í þremur öðrum skólum sem fóru í gegnum aðrar hefðbundnar lestrarkennsluaðferðir.

(Gudmundsdottir. 2014)



Smáforritið tekur mið af því í hvaða röð íslensk börn tileinka sér talhljóðin í máltökunni og hvernig auðveldast er að kenna hljóðin. Byrja má skipulega á auðveldari hljóðum sem koma fyrir hjá mjög ungum börnum og halda áfram yfir í þau hljóð sem erfiðara er að segja eða velja það hljóð sem æfa þarf sérstaklega hverju sinni.

Hægt er að hlaða niður fríum hluta úr smáforritinu öllu = D hljóðið með spætunni sem goggar í tré. En við bendum á að ef þú ætlar að kaupa smáforritið með öllum hljóðunum velur þú Lærum og leikum með hljóðin – ALLT. Auðveldar allar seinni uppfærslur og er mun ódýrara þegar tilboð er í gangi.





### **BitsBoard.**

Með Bitsboard appinu er hægt að tengja saman myndir og hugtök, æfa stafsetningu og margt fleira í gegnum leik.

Nánar um BitsBoard á

[Snjallheimar.is](http://Snjallheimar.is)



### **Puppet Pals**

Sögugerð, talsetning, hlustun, sjónræn framsetning.

Nánar um Puppet Pals

á [Snjallheimar.is](http://Snjallheimar.is)



### **Book Creator**

Book Creator er fyrir gerð rafbóka. Rafbækur hafa ýmsa kosti og geta m.a. verið með hljóði, myndum og texta. Rafbókin er tóm þegar byrjað er og notandi fyllir inn í hana. Hún er hentug öllum aldurshópum. Þessi skýrsla hér er t. d. gerði í Book Creator. Appið er hentugt fyrir sögugerð, myndir, talsetningu, hlustun, sjónræna framsetningu til nemenda eða í foreldrahandbók, lestur ofl.

Nánar um Book Creator á

[Snjallheimar.is](http://Snjallheimar.is)



## OSMO

Osmo samanstendur af mörgum þroskaleikjum fyrir börn á aldrinum 5-12 ára. Lestur, myndlestur, skilningur, áhorf, orðaforði, samhæfing augna og handa o.fl.

Nánar um OSMO má finna á

[Snjallheimar.is](http://Snjallheimar.is)



## Seesaw

Rafræn námsferilbók. Nemandinn á sitt eigið svæði þar sem öllum verkefnum er safnað. Forritið býður upp á marga möguleika og þar er m.a. hægt að geyma afrakstur úr öðrum öppum s.s. Book Creator o.fl. Talað mál, hlustun, lestur, skilningur, áhorf, orðaforði, ritun o.fl.

Nánar um Seesaw á [Snjallheimar.is](http://Snjallheimar.is)







### **ABC stafdrættir**

Stafdrættir - Athugið að það eru ekki íslenski stafir. Talsetning er á ensku og því kostur að taka hljóð af ef ekki er unnið á ensku.

Nánar um appið er að finna [hér.](#)



### **Chatter Pix Kids**

Í Chatter pix tekur barnið mynd og setur strik þar sem á að vera munnur á myndinni. Síðan er röddin tekin upp og appið lætur myndefnið tala.

Nánar um Chatter Pix Kids á

[Snjallheimar.is](http://Snjallheimar.is)





## ToonTastic

Hægt er að vinna í þessu appi með sögugerð með stuðningi teiknimynda. Talað mál og hlustun. Nánar um ToonTastic á [Snjallheimar.is](http://Snjallheimar.is)

## ShadowPuppetEdu

Í Shadow Puppet geta nemendur gert myndbönd með einföldum hætti. Myndbandagerð barna Nánar um Shadow Puppet á [Snjallheimar.is](http://Snjallheimar.is)





## Georg og félagar



Í öppum Georgs og féлага er stafabekking og hljóð þjálfuð. Hægt er að nálgast appið [hér](#).



## Myndavélin

Myndavélin ein og sér er frábært tæki til að nýta í kennslu hvort sem er inni eða úti. Á [Snjallheimar.is](#) má finna nokkur dæmi.



## Skólaskil.

Ein af niðurstöðum þessa samstarfs er að leikskólarnir og Kópavogsskóli ætla að skila öllum börnum við skólaskil að hausti þegar barn hefur nám í grunnskóla. Talið er mikilvægt að fara yfir efnisatriði sem snúa að læsi og niðurstöðum Hljóm-2 fyrir öll börn. Haustið (ágúst mánuður) varð fyrir valinu þar sem líklegra er talið að ljóst sé á þeim tíma hvaða kennari muni taka við barninu og til að upplýsingarnar frá leikskólanum séu sem ferskastar fyrir kennaranum.

## Hljóðkerfisvitund og lestur fyrir börn.

Fram kom í samræðu kennara beggja skólastiga að greinilegt sé þegar börnin koma í grunnskóla að mikið hefur verið lesið fyrir börn í leikskólanum. Mikilvægt er því að viðhalda þeirri vinnu þegar á grunnskólastigið er komið til dæmis með lestri í nestistímum.



## Blýantsgrip.

Eitt af því sem hefur verið rætt í þessu samstarfsverkefni var inngríp varðandi blýantsgrip barna. Þegar börn hefja grunnskólagöngu hafa sum hver vanið sig á blýantsgrip sem er þeim hamlandi við ritun þegar litið er til lengri ritunar s.s. sögugerðar.



Ljóst þykir að erfitt er að breyta gripi barna þegar það er orðið vani. Engin niðurstaða fékkst eftir þessa samræðu en verðugt verkefni er að greina og skoða til framtíðar litið algengi þess að börn velja sitt eigið grip. Jafnframt að greina þau grip sem barnið velur sér í stað þess sem telst hentugra eða "rétt". Skoða má hvort snemmtæk íhlutun eigi við um þennan þátt í námi barna.



## Umgengni, hegðun, hvíld og tengslamyndun.

Önnur mikilvæg umræða fór fram um þætti sem tengjast læsisnámi óbeint. Rætt var til að mynda um hávaða og að börn séu orðin vön því að hafa nóg fyrir stafni. Rætt var einnig um langa skóladaga hjá börnum og að þau alist mikið upp sem einstaklingar í hópi. Fram komu áhyggjur kennara beggja skólastiganna um að vægi fullorðinna sé minna og að þeim sé sýnd minni virðing en áður.

Reynt er að stýra verkefnum í leikskólum með svipuðum hætti og gert er í grunnskólum.

Nemendur á báðum skólastigum fá gjarnan val um verkefni en geta síður verið að flakka á milli borða eða verkefna nema með sérstöku samkomulagi við kennara sem fram kom að er undantekning.

Rætt var um að nudd og núvitund virki vel í skólastarfinu og að börnin beri virðingu fyrir þeim stundum. Rætt var einnig um að skoða mætti hvernig næðisstundir geti farið fram í grunnskólanum en leikskólakennarar telja þær mjög mikilvægar vegna langrar viðveru í skóla. Fram kom til dæmis hugmynd um slökun áður en farið er í frístund eftir skóla.



## Foreldrasamstarf.

Foreldrasamstarf um læsi felst einkum í átaki í lestri fyrir börnin á leikskólastigi og daglegum heimalestri barna þegar í grunnskóla er komið. Í samstarfi skólanna eru foreldrar ábyrgir fyrir því að Blær skili sér á milli skólastiga. Vangaveltur komu upp hvort skólarnir geti hjálpað meira til varðandi foreldrahlutverkið. Hugmynd kom fram um viðfangsefni sem hjálpa foreldrum að vera foreldrar. Hugmynd kom einnig fram um að skólarnir standi fyrir sameiginlegri foreldrafræðslu um málörvun, svefn, tengslamyndun og etv. fleira.

## Vináttuverkefnið Blær.

Markvisst er unnið með vináttuverkefnið Blæ á báðum skólastigum. Hugtökin í vináttuverkefninu eru nýtt í töluðu máli og samræðum á báðum skólastigum. Myndaspjöldin eru nýtt í tilfinningargreindarvinnu sem og söngvarnir, tónlistin og nuddbókin. Þegar upp koma ágreiningsmál meðal nemenda er gjarnan gripið til viðfangsefna með Blæ eða vísað í vinnu sem þegar hefur farið fram.





# Heimildir

[Aðalnámskrá Leikskóla.](#)

[Aðalnámskrá grunnskóla.](#)

[Læsisstefna Kópavogsskóla.](#)

Læsisstefna Kópahvols.

Læsisstefna Urðarhóls.

[Læsisstefna Kópavogsbæjar.](#)

Öll vinna við verkefnið tekur einnig mið af Heimsmarkmiðum og Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna.

Eyrún Ísfold Gísladóttir, Þóra Másdóttir og fl. (2009). Lubbi finnur málbein: Íslensku máhljóðin sýnd og sungin. Reykjavík, Mál og menning/Forlagið.

Árdís Hrönn Jónsdóttir (2013). Orðaspjall-Að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bóklestri. Reykjanesbæ: Leikskólinn Tjarnarsel.

Ásthildur Bj. Snorradóttir (2015). [Snemmtæk íhlutun í málörvun leikskólabarna - undirbúningur fyrir lestur.](#)

Beck, I. L., McKeown, M. G. og Kucan, L. (2008). Creating Robust Vocabulary: Frequently Asked Questions and Extended Examples. New York: Guilford Press.





Beck, I. L., McKeown, M. G. og Kucan, L.  
(2002). *Bringing Words to Life: Robust  
Vocabulary Instruction*. New York:  
Guilford Press.

Rósa Eggertsdóttir. 2005.  
[Byrjendalæsi](#). Skýrsla um þróunarstarf  
í lestri í 1. og 2. bekk í Lundaskóla og  
Oddeyrarskóla. Akureyri,  
Skólaþróunarsvið kennaradeildar  
Háskólans á Akureyri.

Leturgerð þessarar skýrslu  
heitir **OpenDyslexic** og hentar  
einkum vel fyrir þá sem eiga í  
lestrarörðugleikum.

- [Snjallvefjan](#).



### **Að þróunarverkefninu unnu:**

Anna M. Wernersdóttir - Kópavogsskóla

Bergþóra Þórhallsdóttir - Kópavogsskóla

Björk Hafliðadóttir - Kópavogsskóla

Dóra Dögg Kristófersdóttir - Kópavogsskóla

Gunnhildur Magnúsdóttir - Urðarhóli - Skólatröð

Lilja Norðfjörð - Kópavogsskóla

Oddný Þóra Baldvinsdóttir - Kópavogsskóla

Októvía Edda Gunnarsdóttir - Kópavogsskóla

Ólöf Jóna Sigurjónsdóttir Kópavogsskóla

Rebekka Gylfadóttir - Urðarhóli - Skólatröð

Sigríður Gunnarsdóttir - Kópahvoli

Sigríður Kristín Sigurðardóttir - Kópahvoli

